

Upplýsingar um undirbúningsnámskeið vegna borgaralegrar fermingar 2012

1) Fyrir hverja er borgaraleg ferming?

Borgaraleg ferming er fyrir öll ungmenni sem hafa áhuga. Námsgeta, fötlun, uppruni og trúarskoðanir skipta hér engu máli. Fjölbreytt mannlíf er álitinn kostur.

2) Skipulag námskeiðs

Um er að ræða tólf vikna námskeið þar sem þátttakendur mæta einu sinni í viku í alls 80 mínútur í senn. Þátttakendur sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu geta tekið helgarnámskeið sem stendur yfir í tvær helgar. **Námskeiðið hefst í vikunni 9.-13. janúar.**

3) Kennsludagar og kennslustaður

Kennsla fer fram í Kvennaskólanum við Fríkirkjuveg í stofu N6. Um er að ræða bygginguna sem er beint á móti tjörninni við hlið Listasafns Íslands, gengið er inn á vinstri hlið byggingarinnar þegar komið er að húsinu frá Fríkirkjuvegi. Kennsludagar eru mánudagar, þriðjudagar, miðvikudagar, fimmtudagar kl. 16.30-17.50 og föstudagar kl. 15.30-16.50.

Kennsla helgarnámskeiðs fer fram í Réttarholtsskóla við Réttarholtsveg í stofu 12, gengið er inn í bygginguna frá hringtorgi á lóð skólans. Helgarnámskeiðið verður helgarnar 4.-5. febrúar og 3.-4. mars. Kennsla hefst alla dagana kl. 10.00.

4) Foreldrar / forráðamenn boðnir velkomnir

Í næstsíðustu kennslustund er foreldrum/forráðamönnum boðið að koma til að fá að kynna því sem gert hefur verið á námskeiðinu. Á helgarnámskeiðinu er þetta síðasta klukkustund námskeiðsins. Nánar verður sagt frá þessu þegar þar að kemur.

5) Kennarar

Aðalkennari og ábyrgðarmaður námskeiðs er Jóhann Björnsson. Auk þess munu nokkrir aðrir kennarar koma að námskeiðinu sem nánar verður greint frá síðar. Leitast er við að þeir sem koma að kennslunni séu færir á sínu sviði og á undanförunum árum hefur læknir, mannfræðingur, sálfræðingur, kennari, heimspekingur og forvarnarfulltrúi verið á meðal gestakennara.

6) Námskröfur

Mikil áhersla er lögð á umhugsunarvirkni þátttakenda, virka þátttöku og heiðarlegar rökræður. Allir geta verið með burtséð frá námsgetu. Ekki er mikið lesið og skrifað, ekki er um að ræða heimavinnu né próf. Enginn þarf að kvíða því að geta ekki verið með. Gengið er út frá því að enginn sé góður í öllu heldur séu allir góðir í einhverju.

7) Forföll

Öll forföll ber að tilkynna til umsjónarmanns námskeiðsins í síma 8449211.